

→ HIV-SMIT Á ÍSLANDI AUKNINGU MÁ REKJA TIL SRAUTUFÍKLA

Tvö ný HIV-smit á einum mánuði

María Lilja
Þrastardóttirmarialilja@
frettatiminn.is

Samkvæmt upplýsingum frá sóttvarnalækni hefur tíðni HIV-smitaðra aukist töluvert á síðustu þremur árum. Fjöldi smitaðra hefur þó dregist ögn saman í ár miðað við tvö síðustu. „Það hefur dregið aðeins úr nýsmíti í ár en alls eru þetta 18 greind tilfelli í dag,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir. Athygli vekur að samkvæmt útgefnum tölum frá 1. nóvember voru smitin 16. Það þýðir að tvö smit hafi verið greind síðasta mánuðinn.

Haraldur segir að aukningu síðustu ára megi rekja beint til sprautufíkla sem deili nálum. „Þetta voru hópsýkingar þar sem margir fíklar koma saman og skiptast á nálum. Þetta var bundið við tiltölulega þröngan hóp, svo hægt var að bregðast við upp að vissu marki.“ Hann staðfestir að hægt hafi verið að

rekja smitin til örfárra einstaklinga sem þó hafi verið ljóst um ástand sitt. Hann segir það vera illgerlegt að taka slíka einstaklinga úr umferð og sönnunarbyrði í málum sem þessum sé erfið. „Það er ekki raunhæf leið þar sem erfitt er að færa sönnur á það hver beri raunverulega ábyrgð í slíkum tilfellum og hvor beri sökina þar umfram annan.“

Haraldur segir að áhrifaríkasta leiðin sé í forvörnum en þeim hafi Rauði krossinn verið duglegur að sinna með sprautubílum, Frú Ragnheiði. Einnig hafi það gefist vel að auðvelt sé að nálgast sprautur og nálar í apótekum, gegn vægu gjaldi. „Brýnast er að hvetja fólk til meðvitundar og stöðva áhættuhegðun hvort sem það er í kynlífi eða eiturlýfjaneyslu. Það gerum við fyrst og fremst með fræðslu.“



9 einstaklingar smituðust að meðaltali á ári af HIV-veirunni fram til ársins 2010. Þá jókst tíðnin töluvert sem rekja má beint til vanrækslu örfárra sprautufíkla.

3 milljónir á ári í heiðurslaun

Annarri umræðu um fjárlög næsta árs lauk á Alþingi í gær og gengur frumvarpið nú til nefndar og svo til þriðju og síðustu umræðu. Meðal þess sem samþykkt var er að heiðurslaun listamanna nær tvöfaldast. 27 manns þiggja heiðurslaun og fengu fyrir hækkun um 1,6 milljón á ári en fá nú um 3 milljónir á ári eða um 250 þúsund á mánuði. Meðal þeirra sem þiggja laun eru Þráinn Bertelsson þingmaður, Atli Heimir Steinsson, Kristbjörg Kjeld, Megas, Matthías Johannessen, Vigdís Grímsdóttir, Ásgerður Búadóttir og Þorsteinn frá Hamri.



Þráinn Bertelsson þingmaður er einn þeirra sem fá tvöföld heiðurslaun á næsta ári.

Tæp 9000 fengu ekki bætur

Alls hefur 8750 atvinnuleitendum verið synjað um atvinnuleysisbætur frá árinu 2008, að því er fram kom í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur á Alþingi í gær. Helsta ástæða synjunar er að viðkomandi hefur ekki unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum með þátttöku á vinnumarkaði. -sda



Hætta við Evróvisjon

Portúgal, Pólland, Kýpur og Grikkland hafa öll hætt við að taka þátt í Evrópsku söngvakeppninni á næsta ári sökum blankheita. Mikill titringur er meðal addáenda söngvakeppninnar vegna þessa en öll þessi lönd hafa oft sett mikinn svip sinn á keppnina. Grikkland vann til að mynda keppnina 2005 en þá söng Helena Paparizou lagið My Number One.

→ HEILSA KATE MIDDLETON ÞJÁIST AF ALVARLEGRI MORGUNÓGLEÐI



Agnes Ósk Þorsteinsdóttir þjáðist af alvarlegri morgunógleði á meðgöngu, líkt og Kate Middleton glímir nú við, og þurfti að liggja á spítala í hálf ár með næringu í æð. Ljósmynd/Hari

Lá sex mánuði á spítala með Katrínarveikina

Agnes Ósk Þorsteinsdóttir lá sex mánuði á spítala með næringu í æð vegna alvarlegrar tegundar morgunógleði á síðustu meðgöngu sinni. Hún finnur til með hertogaynjunni af Cambridge, Kate Middleton, sem gengur nú í gegn um hið sama á sinni fyrstu meðgöngu.



Ég reyndi að borða á milli þess sem mér var gefin næring í æð á spítalanum en ekkert gekk.



Kate Middleton

Hyperemesis Gravidarum er alvarleg tegund af morgunógleði sem hefur plagað hertogaynjuna af Cambridge, Kate Middleton, sem komin er tæpa þrjá mánuði á leið á meðgöngu, samkvæmt upplýsingum í breskum fjölmiðlum. Þessi tegund morgunógleði leggst á eina af hverjum 50 konum og getur verið hættuleg heilsu verðandi móður og barns því uppköst eru svo mikil að sjúklingurinn heldur bókstaflega engu niðri, hvorki fæðu né vökva, og getur leitt til alvarlegs vökvaskorts og eiturfna í blóði.

Kate var lögð á spítala á mánudag en fékk að fara heim í gær, fimmtudag.

„Hún á alla mína samúð,“ segir Agnes Ósk Þorsteinsdóttir sem hefur tvívegis þjáðist af alvarlegri morgunógleði á meðgöngu. Hún á þrjá syni. Fyrsta meðgangin var eðlileg en hún var mjög veik á hinum tveimur. Á síðustu meðgöngunni var hún lögð inn á spítala þegar hún var komin þrjá mánuði á leið eins og Kate, og lá þar með næringu í æð þar til barnið fæddist, sex mánuðum síðar.

„Ég hafði lést um tíu kíló á fyrstu þremur mánuðunum,“ segir Agnes. „Það var sama hvað ég borðaði, ég hélt engu niðri og þjáðist af mikilli vanlíðan og þrekleysi.“

Læknum tókst að halda þyngdar-tapinu í skefjum á meðan hún lá á spítalanum enda töldu þeir að heilsa hennar og barnsins stafaði alvarlega hætta af ástandinu.

„Ég reyndi að borða á milli þess sem mér var gefin næring í æð á spítalanum en ekkert gekk,“ segir hún.

Agnes þekkir enga sem hefur gengið í gegnum jafn alvarlega morgunógleði. „Flestar mæður kannast við væga morgunógleði sem yfirleitt liður hjá eftir fyrstu þrjá mánuðina. Hjá mér var hún hvorki væg né leið hún hjá,“ segir hún.

Á annarri meðgöngunni fékk hún að vera meira heima enda ástandið ekki alveg jafn alvarlegt og á hinni þriðju, þó svo að hún þyrfti að koma reglulega á spítalann og fá næringu í æð. Tvívegis fór fæðingin í gang allt of snemma en tókst að stöðva hana með lyfjum.

Sigríður Dögg Auðunsdóttir

sigridur@frettatiminn.is

Horfur á góðri ávöxtun lífeyrissjóðanna

Eignir lífeyrissjóðanna jukust um 31 milljarð króna í október og er það mesta aukning eigna í einum mánuði síðan í mars. Það sem af er þessu ári hafa eignir lífeyrissjóðanna aukist

um að meðaltali rétt tæplega 23 milljarða króna í mánuði hverjum. Þessi aukning í október kemur í kjölfar þess að eignirnar jukust um 30 milljarða króna í september og því hafa eignir lífeyris-

sjóðanna aukist mikið í haust, að því er fram kemur hjá Greiningu Íslandsbanka. „Nam hrein eign lífeyrissjóðanna í lok október

um 193 milljarða frá því í upphafi árs. Eign sjóðanna í lok október nemur 139% af áætlaðri vergri landsframleiðslu þessa árs. Eru sjóðirnir því hlutfallslega mjög stórir í alþjóðlegum samanburði.“ -jh

JÓLATILBOÐ

LANDMANN
Er frá Þýskalandi



42.900
FULLT VERÐ
59.900

Frábært
verðlaunagrill
fyrir íslenskar
aðstæður

Kraftmikið, meðfærilegt
og frábærlega hannað
gasgrill fyrir heimilið
eða í ferðalagið
Frábært á svalirnar
eða á veröndina

www.grillbudin.is

YFIR 50 GERÐIR
GRILLA Á
JÓLATILBOÐI

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Smíðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400